



## Niðursetningar - ómagar

Fram á tuttugustu öld tíðkaðist það að ef fólk gat ekki séð um sig sjálft þá fór það á sveit eins og sagt var. Þá var það á framfæri hreppsins og raðað niður á bæi án þess að það fengi nokkuð um það að segja. Þeir sem lentu í þessum aðstæðum voru kallaðir niðursetningar eða ómagar. Ástæður þess að fólk gat ekki séð um sig sjálft voru mismunandi, sjúkdómar, elli, fatlanir, uppskerubrestir og síðan gátu börn sem engan áttu að orðið ómagar.

Í dag búa Íslendingar við velferðarkerfi sem kemur til aðstoðar þegar fólk er í þeim sporum að geta ekki unnið og þarf á aðstoð að halda.

Árið 2019 birtist viðtal í Morgunblaðinu við Sigríði Hjördísi Jörundsdóttur sagnfræðing en hún hefur rannsakað stöðu niðursetninga og ómaga. Þetta viðtal varð meðal annars kveikjan að sköpun Sesselíu Hróbjartsdóttur. Með greininni birtist mynd af Ingveldi Þorsteinsdóttur vinnukonu (1843-1914) sem var ein af þeim síðustu sem komið var á sveit í upphafi 20. aldar. Hér er að finna útdrátt úr blaðagreininni og slóð á blaðagreinina

## Niðursetningum fjölgaði í harðæri

[www.mbl.is/frettir/innlent/2019/10/01/nidursetningum\\_fjolgadi\\_i\\_hardaeri/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/10/01/nidursetningum_fjolgadi_i_hardaeri/)

Ingveldur Þorsteinsdóttir fædd árið 1843 og dáin 1914. Hún var fyrst vinnukona í Suðurvík en síðustu árin var hún niðursetningur.

Ljósmynd er fengin af Skógasafni.



Að verða niðursetningur var eitthvað sem fólk forðaðist af öllum mætti, því þá var einstaklingurinn upp á sveitunga sína kominn með framfærslu og meðferðin var ekki alltaf góð. Í manntali frá árinu 1703 kemur fram að niðursetningar voru rúmlega 15 prósent af heildarmannfjölda íslensku þjóðarinnar, eða milli átta og níu þúsund einstaklingar. Þetta er óvenjumikill fjöldi, því hlutfall niðursetninga var aðeins tæp 5 prósent í manntali hundrað árum síðar eða árið 1801.

Sveitarómagar voru ýmist niðursettir eða færðir á milli bæja, eða þeir færðu sig sjálfir á milli, en það átti helst við um vinnufæra ómaga. Í hverjum hreppi var ákveðinn fjöldi

lögbýlisbænda og þeim var skylt að hjálpast að við að sjá fyrir þeim einstaklingum sem gátu ekki séð fyrir sér sjálfir, eða höfðu engan innan sinnar fjölskyldu sem gat séð um þá. Í blaðagreininni segir Sigríður Hjördís að hún sjálf sé nánast sjónlaus og að hún hefði án efa verið ómági á þessum tíma.

„Því það kemur oft fram í skráningu ómaga að þeir séu blindir eða sjónlitlir. Við getum því þakkað fyrir framfarir, gleraugu, blindraletur og fleira sem forðar okkur sjónlitlum frá því að vera bjargarlaus,“

Ómagar voru lægst settir allra í samfélaginu, eini réttur þeirra var að fá málsverð og húsaskjól þar sem þeir voru settir niður.